

DKG IOTA deild.

Fundur haldinn mánudaginn 30. maí 2022 á Hótel Ísafirði.

Barbara Gunnlaugsson setti fundinn klukkan 18:30. Mættar 15 konur.

1. Barbara kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Nafnakall.
3. Barbara flutti skýrslu stjórnar. Síðast liðin tvö ár hefur Covid truflað starfið aðeins. Ekki hefur verið hægt að funda mikið. Á tveimur árum hafa verið haldnir 10 fundir. Hún rifjaði upp fundina og dagskrá þeirra. Núna eru 17 konur í félaginu.
4. Dagný Sveinbjörnsdóttir lagði fram ársreikning vegna 15. maí 2020 – 30. maí 2022. Tap var kr. 10.294,- Ársreikningur samþykktur.
5. Árgjald samþykkt óbreytt kr. 10.000,- á kaffisjóður kr. 1.000,- samtals kr. 11.000,-
6. Stjórnarkosning.  
Vilborg Ása Bjarnadóttir kosin formaður. Meðstjórnendur kosnir, Bryndís Ásta Birgisdóttir, Hildur Halldórsdóttir, Jónína Hrönn Símonardóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir. Stjórn mun skipta með sér verkum.
7. Bryndís Friðgeirsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún sagði frá bókinni „Við ættum öll að vera femínistar“ eftir Chimamanda Ngozi Adichie. Hún er fædd árið 1977 í Nígeríu. Hún hefur skrifað þrjár skáldsögur sem hafa notið verðskuldaðrar hylli og hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar fyrir ritstöf sín. Bókin er endurskoðað erindi sem hún hélt í desember á TEDxEuston-ráðstefnunni árið 2012, en það er árleg ráðstefna um Afríku og málefni henni tengd. Hún segir m.a. í bókinni „Kynferði skiptir máli hvarvetna í veröldinni. Og í dag langar mig til fara fram á að við byrjum að láta okkur dreyma um og búa til öðruvísi heim. Réttlátari heim. Heim þar sem glaðari karlar og glaðari konur eru samkvæmari sjálfum sér. Og við byrjum svona: Við verðum að ala dætur okkar upp á nýjan hátt. Og við verðum líka að ala syni okkar upp á nýjan hátt.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 20:20.

Bryndís Ásta Birgisdóttir ritaði fundagerð.